

skáldsögur.

Einhver hafði þau orð um hinar nýútkomnu sögur eftir Þorstein Jósepsson, er hann nefnir Tinda, að þær sjeu prýðilega ritaðar. Hygg jeg það sannmæli; virðist mjer þessi ungi Borgfirðingur vera mjög eftirtektarverður rithöfundur. Þorsteinn Jósepsson hefir dvalið í Sviss og stundað þar bókmentasögu o. fl. Síðastl. vetur dvaldi þar einnig að tilhlutun þessa vinar síns, Þorsteinn Jónsson skáld, annar eftirtektarverður borgfirskur gáfumaður. Sviss er ágætur dvalarstaður fyrir þá, sem mentunar vilja leita, og mun um ýmsa hluti vera með allra fremstu menningarlöndum. Nægir þar að nefna menn eins og stjörnufræðinginn dr. P. Stuker, sem svo framúrskarandi gott lag hefir á að glæða skilning manna á undursemi stjörnufræðinnar, og dr. L. Reinhardt, og skal jeg eftir hann nefna tvær stórar og tiltakanlega góðar fræðibækur: Geschichte des Lebens der Erde (saga lífsins á jörðinni), og Mensch zur Eiszeit (mannkynið á ísöld); er þar sögð frumsaga mannkynsins betur en í nokkurri bók annari, sem jeg hefi sjeð um það efni. Slíkar bækur eru ekki gerðar nema þar, sem menning er á mjög háu stigi. — Schweiz er sama orðið og sveit, en það mun þýða fjalllendi.

17. okt. '34.

Helgi Pjeturss.